

HVERNIG SINNIR ÍÞRÓTTAHREYFINGIN BÖRNUM MEÐ SÉRÞARFIR?

Þráinn Hafsteinsson
Íþróttافرæðingur og frjálsíþróttapjálfi
26. október 2007

Þráinn Hafsteinsson

- Alinn upp í íþróttum og félagsstarfi
- Afreksmaður í frjálsíþróttum 1977-1984
- Íþróttufræðingur frá Alabamaháskóla 1985
- Kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni 1986-1992
- Íþróttakennari við Iðnskólann í Hafnarfirði 1995-1999
- Íþróttá- og frístundaráðgjafi í Grafarvogi 2000-2005 og í Breiðholti 2005-2007
- Frjálsíþróttapjálfari hér heima og erlendis í 30 ár
- Yfirpjálfari frjálsíþróttadeildar ÍR

MÖGULEIKAR BARNNA MEÐ SÉRÞARFIR INNAN ÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR

- Tala sem einstaklingur en ekki sem fulltrúi fyrir íþróttahreyfinguna.
- Mun fjalla um möguleika almennra íþróttafélaga og deilda til að sinna börnum með sérþarfir.
- Starfa fyrir íþróttadeild sem hefur skýra stefnu um að allir séu velkomnir til þátttöku óháð getu.

REYNSLA AF STARFI MEÐ BÖRNUM MEÐ SÉRÞARFIR

- Hreyfihamlaðir í frjálsípróttum
- Þroskaheftir í frjálsípróttum
- Blindir í frjálsípróttum
- Ofvirkir krakkar í frjálsípróttum
- Félagslega sérstakir í frjálsípróttum

BEGGI BLINDI

- Blindur unglingur sem æfði hjá ÍR í einn vetur
- Áhugasamur, duglegur og skemmtilegur strákur
- Náði fínum árangri
- Gat gert flest sem sjáandi gerðu ef hann hafði mann með sér
- Þroskandi fyrir hann og krakkana sem æfðu með honum og þjálfarana

FÉLAGSLEGA SÉRSTÖK BÖRN Í FRJÁLSÍÞRÓTTUM

- Erum með marga krakka sem hafa verið vinafáir og átt erfitt með samskipti áður en þau byrja í frjálsíþróttum.
- Miklar líkur á að finna sér íþróttagrein við hæfi í fjölbreyttri flóru frjálsíþróttanna.
- Það er í lagi að vera öðruvísi í frjálsum.
- Geta verið í meira mæli á eigin forsendum í einstaklingsíþróttum en flokkaíþróttum.

FÉLAGSLEGA SÉRSTÖK BÖRN Í FRJÁLSÍÞRÓTTUM

- Þjálfararnir vinna sérstaklega með félagslega þáttinn hjá öllum iðkendum.
- Þurfa mikinn tíma og ummönnun á meðan þau eru að festa sig í sessi.
- Kunna að meta það sem þeim hefur hlotnast eftir að stöðugleika er náð.
- Ná árangri bæði íþróttalega og félagslega til jafns við aðra nái þau að festa sig í sessi.

BÖRN MEÐ OFVIRKNI OG EINBEITINGARERFIÐLEIKA

- Erum með nokkra slíka
- Fá útrás á æfingum og eru duglegir
- Erfitt að halda þeim innan ramma reglna og hefða
- Geta komið í veg fyrir að æfingar gangi eðlilega fyrir sig
- Frekir á athyglina
- Gengur misvel
- Byggist á reynslu og færni þjálfaranna hvort þeir rekast í hóp

HREYFIHAMLAÐIR Í FRJÁLSÍÐRÓTTUM

- Æfa nokkrir á fullu með almennum flokkum og keppa jafnvel líka með þeim.
- Aðrir æfa með almennum flokkum en þurfa meiri hjálp en þeir sem ekki eiga við hreyfihömlun að stríða.
- Eru oftast en ekki mjög áhugasamir og duglegir við æfingar.
- Eru öflugir félagar og oft eldhugar.
- Þroskandi fyrir þá sem ekki eru hreyfihamlaðir að æfa og keppa með hreyfihömluðum.

SÉRÆFINGAR FYRIR HREYFIHAMLAÐA

- Séræfingar fyrir hreyfihamlaða í frjálsum á sama tíma og almennir hópa æfa.
- Samstarfið gengur vel og báðir hópar æfa á jafnréttisgrunni.
- Þroskandi og eflandi fyrir báða hópa.

SÉRÆFINGAR FYRIR ÞROSKHAMLAÐA

- Þroskahamlaðir og almennir flokkar æfa frjálsar á sama tíma
- Hvor hópur hefur sinn þjálfara
- Báðir hópar á jafnréttisgrunni
- Þroskandi og eflandi fyrir báða hópa

HAFA ÍPRÓTTAFÉLÖGIN SKYLDUM AÐ GEGNA?

- Íþróttahreyfingin er áhugamannahreyfing rekin af sjálfboðaliðum.
- Íþróttadeild samanstendur af fólki sem hefur áhuga á að viðkomandi íþrótt sé stunduð og vill leggja krafta sína til þess.
- Íþróttahreyfingin er ekki þjónustustofnun á borð við leikskóla, grunnskóla, félagsmiðstöð eða heilsugæslu.
- Íþróttahreyfingin nýtur styrkja frá opinberum aðilum.

SJÁLFBODASTARF

- Ef áhugi er fyrir auknu starfi til handa börnum með sérþarfir innan íþróttahreyfingarinnar krefst það þess að fólk með áhuga fyrir slíku starfi leggi fram krafta sína innan íþróttafélaganna.

ER ÍPRÓTTAHREYFINGIN TILBÚIN AÐ SINNA BÖRNUM MEÐ SÉRÞARFIR?

- Já og nei
- Íþróttasamband fatlaðra hefur unnið mjög gott starf og aðildafélög þess.
- Möguleikarnir misgóðir innan íþróttagreinanna
 - Flokkaíþróttir erfiðari
 - Einstaklingsíþróttir gefa meiri möguleika vegna eðli íþróttanna

HVAÐ ÞARF AÐ GERAST INNAN ÍPRÓTTAFÉLAGANNA ?

- Launað aðstoðarfólk/aðstoðarþjálfarar.
- Aukin þekking til að geta sinnt börnum með sérþarfir betur innan íþróttahreyfingarinnar.
- Fleiri áhugasama sjálfboðaliða til að sinna þessum hópi barna sérstaklega.
- Skýrari stefnu íþróttahreyfingarinnar um þátttöku barna með sérþarfir.

SAMSTARF ÍÞRÓTTAFÉLAGANNA OG....

- Samstarf íþróttafélaga og félagsþjónustu sveitarfélaganna.
- Samstarf íþróttafélaga og skóla.
- Samstarf íþróttafélaga og hagsmunasamstaka.
- Samstarf íþróttafélaga og foreldra barna með sérþarfir.

LOKAORÐ

- Það hefur verið krefjandi áskorun en um leið ánægjuleg og gefandi reynsla að vinna með börnum og unglingum með sérþarfir í íþróttum.
- Með auknum tækifærum þeim til handa innan íþróttafélaganna verða bæði börnin og íþróttafélögin hæfari til að takast á við hlutverk sitt í samfélaginu.